

Þriðjudaginn 14. mars 1989.

Nr. 54/1989.

**Hreiðar Eiríksson og
Eiríkur Hreiðarsson**

gegn

**bæjarstjóranum á Akureyri
f.h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna
Hitaveitu Akureyrar.**

Kærumál. Frávísunardómur um hluta máls felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar hafa með kæru 5. janúar 1989 skotið til Hæstaréttar samkvæmt b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, frávísunardómi bæjarþings Akureyrar frá 14. desember 1988, sem kunngerður var sóknaraðilum 5. janúar 1989. Kæran barst Hæstarétti 22. febrúar 1989, greinargerð sóknaraðila 13. mars 1989 og greinargerð varnaraðila 9. mars 1989.

Sóknaraðilar krefjast þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar. Einnig krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að niðurstaða héraðsdóms verði staðfest að því er varðar frávísun. Auk þess áskilur varnaraðili sér rétt til áfrýjunar þess þáttar málsins er snertir bótagreiðslur, sem voru dæmdar sóknaraðilum „ásamt dæmdum málskostnaði þeim til handa“. Varnaraðili krefst ekki kærumálskostnaðar.

Sóknaraðilinn Eiríkur Hreiðarsson er ábúandi jarðarinnar Grísarár í Hrafnagilshreppi. Svo sem greinir í hinum kærða dómi keypti sóknaraðilinn Hreiðar Eiríksson jörð þessa af ríkissjóði á árinu 1954. Í afsali ríkissjóðs segir m.a., að vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþarfir séu undanskilin sölu jarðarinnar.

Hinn 28. júní 1977 veitti landbúnaðarráðuneytið Hitaveitu Akureyrar leyfi til hitaleitar og jarðborana í landi Grísarár. Nýtti hitaveitan sér þann rétt með þeim hætti, sem lýst er í héraðsdómi.

Kröfugerð sóknaraðila fyrir héraðsdómi er tvíþætt, annars vegar bótakrafa, sem tekin er til greina í héraðsdómi og ekki er til úrlausnar í þessu kærumáli, hins vegar krafa um, að varnaraðili afhendi

sóknaraðilum „óskipt 2,5 sekúndulítra af 90°C heitu vatni án endurgjalds, og til vara, að stefndi afhendi stefnendum óskipt sama orkumagn í formi heits vatns með öðru lægra hitastigi án endurgjalds“. Reisa stefnendur í héraði (sóknaraðilar) síðargreindar kröfur sínar á því, að stefndi í héraði (varnaraðili) hafi skert vatns- og jarðhitaréttindi þeirra með ólögmætum hætti.

Eins og áður er komið fram, er sóknaraðilinn Hreiðar Eiríksson eigandi jarðarinnar Grísarár ásamt vatns- og jarðhitaréttindum til heimilisparfa, en ríkissjóður er eigandi vatns- og jarðhitaréttinda jarðarinnar að öðru leyti.

Hagsmunir ríkissjóðs og sóknaraðila fara ekki saman með þeim hætti, að girt sé fyrir vegna 46. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, að sóknaraðili leiti réttar síns án atbeina ríkissjóðs vegna jarðhitaréttinda á Grísará.

Af þessum ástæðum þykja ekki vera skilyrði til frávísunar á grundvelli upphafsákvæðis 46. gr. laga nr. 85/1936, eins og ákvæðið var fyrir breytingu, sem gerð var á því með 9. gr. laga nr. 54/1988. Það athugast, að samkvæmt 28. gr. síðargreindra laga gilda þau ekki um mál þetta, sem þingfest var á bæjarþingi Akureyrar 14. janúar 1988.

Fella ber frávísunarákvæði hins kærða dóms úr gildi og vísa málinu heim. Rétt þykir að hver aðili beri sinn kostnað af kærinni.

D ó m s o r ð:

Frávísunarákvæði hins kærða dóms er úr gildi felld og er málinu vísað heim í hérað að því leyti, sem það er enn ódæmt.

Hver aðili beri sinn kærumálskostnað.

Dómur bæjarþings Akureyrar 14. desember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, er höfðað með stefnu, út gefinni á Akureyri 14. janúar 1988 af Jóni Kr. Sólnes hrl. f.h. stefnenda, Hreiðars Eiríkssonar, nnr. 4356-3769, Grísará, Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu, og Eiríki Hreiðarssyni, nnr. 1868-0882, s.st., og þingfestri sama dag, á hendur Sigfúsi Jónssyni, nnr. 7538-9388, bæjarstjóra á Akureyri, f.h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, til greiðslu skaðabóta og afhendingar á heitu vatni í samræmi við eftirfarandi kröfugerð:

Aðalkrafa: Stefndi afhendi stefnendum óskipt 2,5 sekúndulítra af 90°C

heitu vatni án endurgjalds, til vara, að stefndi afhendi stefnendum óskipt sama orkumagn í formi heits vatns með öðru lægra hitastigi án endurgjalds. Þá greiði stefndi stefnendum bæt看 fyrir óþægindi, landspjöll og jarðrask vegna borana á jörðinni Grísará, kr. 450.000,00 auk dráttarvaxta frá 14. janúar 1988 til greiðsludags, samkvæmt 1. mgr. 10. gr., sbr. 14. og 15. gr. laga nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að vextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, allt í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að stefndi greiði stefnendum málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ. Þá er áskilinn réttur til að höfða sjálfstætt skaðabótamál á hendur stefnda, verði aðal- og/eða varakrafa stefnenda í máli þessu ekki teknar til greina. Stefndi gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og sér verði til dæmdur málskostnaður að mati réttarins eða samkvæmt fram lögðum reikningi, og til vara, að sér verði einungis dæmt að afhenda stefnendum jafngildi 5 til 10 lítra á mínútu af 80°C heitu vatni. Í þessum kröfugildi er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik eru þau, að stefnandi Hreiðar Eiríksson kaupir ríkissjörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu af ríkissjóði með afsalsbréfi, dagsettu 12. nóvember 1954 og 25. nóvember s.á. Í afsalsbréfinu segir svo: „Námaréttindi í landi jarðarinnar, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisparfir, eru undanskilin sölu jarðarinnar.“ Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dagsettu 6. mars 1978, til stefnanda Hreiðars Eiríkssonar segir svo: „Eins og segir í afsali til yðar fyrir jörðinni Grísará, dags. 12. nóvember 1954, eru við sölu undantekin m.a. „vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisparfir“. Ráðuneytið lítur svo á, að samkvæmt ofanskráðu séu vatns- og jarðhitaréttindi til heimilisparfa samkvæmt mati sérfróðra manna hæfilega ákveðin að hámarki 2,5 sekúndul. af 90°C heitu vatni eða samsvarandi vatnsmagns af öðrum hitagráðum.“

— — —

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt dskj. nr. 16, sem hér að framan er rakið, segir, að væntanlega séu jarðhitasvæðin við Hrafnagil, Grísará og Reykhús öll tengd sama ganginum, er við boranir hafi reynst vera lélegur vatnsleiðari, og eru því verulegar líkur á því að vatnsvinnsla við Grísará og Reykhús hafi flýtt fyrir rénun vatns og þrýstingslækkun að Hrafnagili. Einnig segir í sama dskj. að það verði að telja nokkuð öruggt að lækkun vatnsborðs á vinnslusvæðum austan til í Eyjafirði á árunum 1976-1980 hafi lækkað vatnsþrýsting á aðfærsluæðum jarðhitakerfisins að Hrafnagili og þar með valdið rénun heita vatnsins þar. Á dskj. nr. 31 segir einnig að ofannefndir jarðhitastaðir, þ.e.a.s. Reykhús, Grísará og Hrafnagil, taki væntanlega vatn úr sama vatnsleiðaranum, þ.e.a.s. berggangi sem liggur norður-suður um þessa

staði. Vatnsvinnsla á einum staðnum er því háð vatnsminnkun á hinum. Og á dskj. nr. 35 segir að ógerlegt sé að segja til um hve mikið hola GG-1 gæfi né hve djúpt vatnsborðið félli, en það væri hægt að finna með dæli-prófum á holunni. Engu að síður megi telja líklegt út frá þeim ófullkomnu gögnum, sem til séu, að vinna mætti 2-3 l/s úr holunni með djúpdælu á svipaðan hátt og nú er gert að Reykhúsum. Óumdeilt er í málinu að ríkissjóður Íslands er eigandi að grunnjarðhitaréttindum á Grísará og réttindi stefnenda til jarðhita allt að 2,5 l/s af 90°C heitu vatni til heimilisþarfa eru afleidd af þeim eignarrétti og að því leyti eiga stefnendur og ríkissjóður óskipt réttindi á hendur stefnda, og er því sakaraðildin að mati dómsins óskipt í aðalsök, og með vísan til 46. gr. einkamálalaga, nr. 85/1936, sbr. 28. gr. laga nr. 54/1988, ber því að vísa aðalkröfu stefnenda svo og varakröfu frá dómi ex officio. Hins vegar hefur að mati hinna dómkvöddu matsmanna um rask, er varð á jörðinni við jarðhitaleit stefnda þar, eigi verið hnekkkt og ber að taka kröfu þeirra um skaðabætur fyrir jarðrask, óþægindi og landspjöll samkvæmt því til greina að fullu, með þeim vöxtum, sem í stefnu greinir. Þá ber stefnda að greiða stefnendum málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 125.000,00.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Aðal- og varakröfu stefnenda er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi, bæjarstjórinn á Akureyri, f.h. bæjarsjóðs Akureyrar vegna Hitaveitu Akureyrar, greiði stefnendum, Hreiðari Eiríkssyni og Eiríki Hreiðarssyni, kr. 450.000,00 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga, frá 14. janúar 1988 til greiðsludags, og kr. 125.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.